

Iceland

Upplýsingaöryggi



Vírin

19. tbl. 3. árgangur 2013

Kæri viðtakandi,

Hlekkir

[Upplýsingaöryggissíða Deloitte](#)

Tengiliðir

[Úlfar Andri Jónasson](#)

Kerfisfræðingur | ERS

ulfar@deloitte.is

+ 354 580 3322

[Rey LeClerc Sveinsson](#)

Liðstjóri | ERS

rey@deloitte.is

+ 354 580 3306

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírin er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Hvernig koma má í veg fyrir gagnaleka hjá þínu fyrirtæki

Í ljósi nýlegra atburða þar sem miklu magni af trúnaðarupplýsingum var stolið og þeim lekið á internetið er greinilegt að margir þurfa að huga mun betur að upplýsingaöryggi og verndun gagna.

Rannsóknir hafa sýnt að meirihluti netárása á fyrirtæki verða vegna mistaka eða ásetnings starfsfólks fyrirtækisins sjálfs. Grundvallaratriði í verndun upplýsinga fyrirtækja er að hafa vel skilgreindar og auðskiljanlegar öryggisreglur sem allir eiga að fara eftir. Mikilvægt er að leiðbeina starfsfólki um hvernig það á að umgangast upplýsingar og internetið, setja kröfur og tilgreina með skýrum hætti hvað sé leyfilegt og hvað bannað.

[Meira ▶](#)

Vitundarvakning á Íslandi

Þarf fyrirtækið mitt að hafa áhyggjur af gagnastuldi og upplýsingaleka?

Í ljósi nýlegra atburða hefur orðið snögg og sársaukafull vitundarvakning meðal fólks á Íslandi varðandi tölvuöryggi. Þetta hefur orðið til þess að fyrirtæki á Íslandi hafa í miklum mæli haft samband við sérfræðifyrirtæki í upplýsingstækni og fengið sérfræðinga til að framkvæma svokallaðar veikleikagreiningar á netkerfum sínum. Ert þú öruggur?

[Meira ▶](#)

Fundist hefur netþjónn með yfir milljón lykilorðum

Öryggissérfræðingar hafa fundið netþjón sem hafði að geyma yfir 1.500.000 lykilorð á hinar ýmsu síður.

Öryggissérfræðingar hafa tilkynnt að þeir hafi fundið netþjón sem notaður var til að geyma lykilorð notenda tölva sem höfðu smitast af svokölluðu bot neti sem kallast Pony og lúta þar af leiðandi stjórn þess aðilar sem stjórnar því neti. Á lista yfir svæði sem þessi stolnu lykilorð ganga að eru t.d. facebook, yahoo og gmail. Sérstaklega er tekið fram að lykilorð eins og „123456“, „123456789“ og „password“ eru algeng meðal notenda.

[Meira ▶](#)

NSA smitaði 50.000 netkerfi með vírusum

Fréttir hafa borist af því að NSA hafi smitað yfir 50.000 netkerfi með vírusum sem er haldið „sofandi“ þangað til NSA ákveður að þurfi að vekja þá.

Í skýrslu frá árinu 2012 sem lekið hefur verið kemur fram að NSA (Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna) hafi aðgang að yfir 50.000 netkerfum í gegnum vírusa eða svokallað „malware“. Hafa ber í huga að þessi skýrsla var gerð um miðbik ársins 2012 svo að ekki er víst að þessa tölur eigi endilega við í dag. Einnig kemur í skýrslunni að samskonar vinnubrögð hafi verið við lýði hjá NSA síðan 1998.

[Meira ▶](#)

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið spurningar eða frekari áhuga á efninu.

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírinn á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd
Virinn@deloitte.is

Smáratorg 3
201 Kópavogur
Iceland

© 2013 Deloitte ehf.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

 [Deloitte RSS feeds](#)

[Afskráning](#)